

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

Tímafjöldi: 6 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Sproti 2a og Sproti 2b, spil, gagnvirkt efni t.d. mms.is, Stærðfræðispæjarar, Osmo o.fl.

Hlutbundin gögn s.s. kubbar, form, tölur og tölustafir, talnagrindur, talnalínur, vasareiknar o.fl.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Að nemandi: - þjálfist í að leysa stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, nota áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir, - þjálfist í að ræða um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, - þjálfist í að setja fram og meðhöndla einföld reiknilíkön, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi, - þjálfist í að segja frá lausnaleiðum sínum, - þjálfist í að taka þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Umræður um stærðfræði. Þrautalausnir Para- og hópavinna	Símat á þátttöku nemenda í umræðum og hópavinnu metin.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	Að nemandi: - þjálfist í að taka þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni, - þjálfist í að nota hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu og vasareikna til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum, - þjálfist í að túlka og nota einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengi þau við daglegt mál.	Umræður um stærðfræði. Þrautalausnir Innlagnir kennara Vinna með hlutbundin gögn í hópum og á stöðvum.	Símat og kaflapróf.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Að nemandi: - þjálfist í að vinna í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda, - þjálfist í að taka þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar, - þjálfist í að lesa og ræða um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð, - þjálfist í notkun kennslupeninga sem leiða á til þess að nemendur geri sér grein fyrir verðgildi þeirra.	Hópavinna Einstaklingsvinna	Símat og kaflapróf

Tölur og reikningur	Að nemandi: • geti notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman, • geti notað tugakerfisrithátt, • þjálfist í að taka þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi, • þjálfist í að leysa viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, • geti reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Einstaklingsvinna, stöðvar og hlutbundin vinna.	Símat og kaflapróf
Algebra	Að nemandi: • geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.	Hópavinna Einstaklingsvinna	Símat og kaflapróf
Rúmfræði og mælingar	Að nemandi: • geti notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form og stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu, • þjálfist í að vinna með mælikvarða og lögun, • þjálfist í tímatali og tímamælingum, • þjálfist í að spegla flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.	Áhersla á hlutbundna vinnu	Símat og kaflapróf
Tölfræði og líkindi	Að nemandi: • þjálfist í að safna gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið, • þjálfist í að taka þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra, • geti talið, flokkað og skráð og lesið úr niðurstöðum sínum.	Nemendur gera einfaldar kannanir, skrá og lesa úr niðurstöðum. Útikennsla	Símat og kaflapróf
Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D			